

Raforkumálastjóri  
Vatnamælingar

B3 Skilagrein 94  
Vhm 12

Haukadalsá  
um Réttarfoss og Hlaup.

Reykjavík, 10. nóv. 1954  
S.Rist/gs

Haukadalsá  
um Réttarfoss og Hlaup.

Rennsli Haukadalsár.

Vatnasvið Haukadalsár um Réttarfoss er 34 km<sup>2</sup>. Rennslið 5. ágúst s.l. var skv. Rm 553 0,71 m<sup>3</sup>/sek., p.e.a.s. 21 l/sek pr. km<sup>2</sup>. Réttargil fellur til Haukadalsár neðan við Réttarfoss, en því er hægt að veita til Haukadalsár ofan Réttarfoss. Vatnasvið Réttargils er 8 km<sup>2</sup>, á sama tíma var rennsli gilsins 80 l/sek Rm 554, p.e.a.s. 10 l/sek., pr. km<sup>2</sup>.

Vatnasvið Haukadalsár um Hlaup er 66 km<sup>2</sup>. Rennslið 5. ág. sl. var skv. Rm 555 1,2 m<sup>3</sup>/sek, p.e.a.s. 18 l/sek pr. km<sup>2</sup>. Á sama tíma var rennslið úr Haukadalsvatni 3,1 m<sup>3</sup>/sek skv. vatnshæðarmæli nr. 12. Vatnasvið Haukadalsvatns er 163 km<sup>2</sup>, svo að rennslið úr því hefur þá svarað til 19 l/sek pr. km<sup>2</sup>.

Þegar komið var fram í ágúst voru ár mjög litlar í Dalasýslu. Öll vorfylla var farin úr Haukadalsvatni. Veturinn var snjóléttur, svo er ósinn, þar sem rennur úr Haukadalsvatni, breiður vel. Haukadalsá hélt þó áfram að minnka fram eftir sumri og lægst varð í henni í ágústlok og svo aftur síðustu dagana í september, en drýgðist lítið eitt þar á milli. Minnst varð hún 1,8 m<sup>3</sup>/sek (rennsli úr Haukadalsvatni), samkvæmt því hefur rennslið á sama tíma átt að vera 0,7 m<sup>3</sup>/sek um Hlaup og 0,4 m<sup>3</sup>/sek um Réttarfoss. Rennslið verður mjög sjaldan minna en þetta. Úr Haukadalsvatni er rennslið langtímunum saman á bilinu 3,0-4,5 m<sup>3</sup>/s. Um rennslið að öðru leyti vísast til skýrsla og gagna varðandi vhm 12 við Strengjabrú á Haukadalsá.

### Réttarfoss.

Fallið er 26 m á 315 m vegalengd, eins og meðfylgjandi teikning Fnr 2546 sýnir. Klöpp er í árbotninum á stíflustæðinu. Stíflustæðið er samilega gott. Vestan árinna er að vísu mjárrarjörðvegur, en klöppin er þar nokkru hærri en í árbotninum. Austan á er stórgrýttur melhryggur, sem áin rennur meðfram til vesturs og svo beygir hún til norðurs, rétt ofan við stíflustæðið. Austar taka við flagholt og melhryggir. Að söru leyti skýrir teikningin sig sjálf. Hallinn yrði mestur á neðsta hluta þrýstivatnspípunnar. Stæði þrýstivatnspípunnar er óslétt og mjárlent. Nokkurt athafnasvæði er þar sem ætla mætti stöðvarhúsi stað. Vegalengd frá Réttarfossi og niður að Haukadalsárbrú er 20 km.

### Hlaup.

Hlaup nefnist klettahaft, sem gengur þvert yfir Haukadal undan Kirkjufelli. Haukadalsá hefur grafið djúpt, þrúngt og 300 m langt gljúfur í gegnum haftið. Ef nýta á fall árinna í Hlaupinu, virðast tveir möguleikar koma til greina.

- 1) Gera 300 m jarðgöng úr hvasminum neðan við Hlaupið og upp að stíflustæðinu, sjá meðf. rissmynd Fnr 2547.
- 2) Byggja 8 m háa stíflu (12 m í botn og 35 m langa efst) og ná þrýstivatnspípunni upp úr gljúfrinu. Sprengja yrði fyrir pípunni á 75 efstu metrunum, um 3 metra djúpa rás eða stall nest stíflunni. Grjóttinu úr fásinni mætti ryðja niður í árgljúfrið. Í meiri hæð má pípan ekki vera ef dagurmiðlun á að fást.

Fnr 2547 er rissmynd, sem sýnir í grófum dráttum virkjunar-  
aðstöðuna við Hlaup. Vegalengdin niður að Haukádalsárbrún  
er 16 km.

Reykjavík, 10. nóv. 1954.

Sigurj. Píst

Mkv.  
1:1000.

Raforkumálastjóri.

Haukadalsá, Stiflust. u. Réttarfoss  
Rissmynd, lausl. mælt 5. 8. '54.


9/11 '54. S. Rist/PJ

Tnr 6 Vhm 12/11

B2M-224-B3


Fnr. 2546.

Stöðvarhúsi valinn staður 315 m neðan við  
stiflustæði og kóti þar settur 0.  
Nátturulegt fall 26 m á 315 m vegal.



Stærð inntakslóns

Stifladi kóta:	$10^3 m^2$	$10^3 m^3$
27.....	2.4.....	0.8.....
28.....	6.4.....	5.0.....
29.....	23.0.....	19.0.....
30.....	46.0.....	41.0.....



Mkv.  
1:1000.

Raforkumälástjóri.

Haukadalsá um Hlaup.

Rissmynd. Pípulína hallam. 5/8'54.

11.11.'54 S.Rist/P.

Tnr. 7 Vhm 12/2

B2M-224.

Fnr. 2547.

